

Rannsókn á myglusveppum í einu sýni úr Garðaskóla, Vífilstaðavegi.**Verknúmer: 3.161.348****Málsnúmer: 202301-0002****Aníta Ósk Áskelsdóttir****Náttúrufræðistofnun Íslands, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri****Greinargerð til Mannvits hf.**

Þann 23. júní 2023 barst Náttúrufræðistofnun Íslands I efnissýni frá Eyþóri Bjarnasyni hjá Mannviti hf. Sýnið var tekið í Garðaskóla vegna gruns um myglu. Sýnið var skoðað í vísja og valdir staðir teknir til smásjárskoðunar. Sýnin rannsakaði Aníta Ósk Áskelsdóttir, líffræðingur, þann 28. júní 2023.

Niðurstöður efnissýna:

E I – Teppasýni – Aðstoðarskólameistari. Lýsing: Í sýninu var kjarni úr teppi (u.þ.b. 20 mm í þvermál og 6 mm þykkur) með ilögn á neðra borði (u.þ.b. 4 mm þykk).	- Í sýninu fundust engin merki um myglu
---	--

- Grænn litur: Engin merki um myglu.
- Gulur litur: Lítillega myglað eða mengað sýni.
- Rauður litur: Myglað sýni.

Almennt séð telst vöxtur myglusveppa innanhúss vera heilsuspillandi eins og staðfest er í leiðbeinandi reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um inniloft í sambandi við raka og myglu. Koma skal í veg fyrir að vatn leki inn í hús eða þéttist úr inniloftinu og skapi vaxtarskilyrði fyrir myglusveppi. Það eru börn, sjúklingar og gamalt fólk sem er næmast fyrir áhrifum myglusveppa.

Áhrif myglusveppa á fólk eru mjög misjöfn og einstaklingsbundin en algengust eru ofnæmisviðbrögð sem tengjast öndunarfærum. Á vef Umhverfisstofnunar má finna leiðbeiningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um myglu og raka innanhúss sem og leiðbeiningar fyrir íslenskan almenning (Umhverfisstofnun 2015). Mjög margir myglusveppir geta valdið ofnæmi og astma þegar þeir vaxa innanhúss. Í Samson o.fl. (2019) eru upplýsingar um ýmsa þá sveppi sem vaxa innanhúss, þar á meðal upplýsingar um helstu efnasambönd og sveppaeiturefni sem þeir geta framleitt. Í Rb-blaðinu „Myglusveppir í híbýlum – vaxtarferill og áhrif á gæði innilofts“ (Kristmann Magnússon o.fl. 2021) eru ýmsar gagnlegar upplýsingar, meðal annars hvaða sveppir vaxa á mismunandi byggingarefnum. Myndir af þó nokkrum tegundum innimyglu má sjá á vefnum í erindi Guðríðar Gyðu Eyjólfsdóttur frá árinu 2021 sem heitir [Vistkerfi rakra húsa á Íslandi – innimyglu í nærmynd](#).



Heimildir

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir 2021. Vistkerfi rakra húsa á Íslandi – innimyglu í nærmynd. Erindi flutt Hrafnþingi, fyrirlestraröð Náttúrufræðistofnunar Íslands 10. nóvember 2021.

https://www.youtube.com/watch?v=IvyFlu_pRdk

Kristmann Magnússon, Björn Hjartarson, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir & Kerstin Gillen 2021. Myglusveppir í híbýlum - vaxtarferill og áhrif á gæði innilofts. Rb-blað (10).001 Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Reykjavík. 15 bls. https://www.hms.is/media/9730/rb_blad_myglusveppir_i_hibylum_juni2021.pdf

Samson, R.A., Houbraken, J., Thrane, U., Frisvad, J.C. & Andersen, B. 2019. Food and indoor fungi. 2nd ed. Westerdijk Fungal Biodiversity Institute, Utrecht. 481 bls.

Umhverfisstofnun. Loftgæði innandyrna. Leiðbeiningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um myglu og raka innanhúss. <https://www.ust.is/graent-samfelag/hollustuhaettir/inniloft-raki-og-myglu/> og

<https://ust.is/graent-samfelag/hollustuhaettir/raki-og-myglu/itarefni/>

http://www.euro.who.int/_data/assets/pdf_file/0017/43325/E92645.pdf (Leiðbeiningar WHO)

Umhverfisstofnun 2015. Inniloft, raki og myglu í híbýlum. Leiðbeiningar fyrir almenning. 33 bls.

https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/Inniloft,%20raki%20og%20myglu_2015%20KH.pdf

Akureyri 28. júní 2023
Aníta Ósk Áskelsdóttir



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

